

FUNDARGERÐ

114. stjórnarfundur KRAFT

114. stjórnarfundur KRAFT var haldinn á netinu (Messenger video chat) 12. ágúst kl. 20.00.

Fundarmenn : Gry, Auðunn, Lára (starfsmaður KRAFT), Laufey og Þórunn.
Aron Ingi komst ekki á fundinn.
Inga María og Muggur eru forfölluð.
Fundarritari : Laufey

1. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR.

Samþykkt.

2. AFREKSSJÓÐUR

Afrekssjóður hefur óskað eftir að fá skýrslu um hvernig styrknum frá þeim hefur verið úthlutað. Skýrslan þarf eingöngu að innihalda lýsingu en ekki kostnaðaruppskiptingu. Gry mun taka saman skýrslu og bera undir stjórn. Í framhaldinu verður haldinn fundur með Afrekssjóði og farið yfir stöðuna. Gry, Auðunn og Aron Ingi munu fara fyrir hönd KRAFT.

Rætt var um nokkur atriði sem þurfa að koma fram í skýrslunni :

- Öllum alþjóðamótum hefur verið frestað fyrir utan HM í búnaði og Arnold Classic International.
- Lagt er til að styrkja keppendur til að keppa á Arnold eins og um sé að ræða EM.
- Vinna með úrvalshóp ungmenna fór af stað á árinu en liggur, eins og er, í smá dvala en mun fara fljótlega aftur af stað.
- Keppnisreglur í kraftlyftingum voru þýddar á íslensku.
- Starfshlutfall íþróttastjóra hefur verið aukið.
- Unnið er að því að styrkja fagteymið, þegar verið undirritaðar samstarfssamningar við næringarfræðing og sjúkrabjálfa. Verið að ræða við íþróttasálfræðing.

3. ÍSÍ OG SÓTTVARNIR

Almannavarnir og heilbrigðisyfirvöld vinna nú að nýjum leiðbeiningum/tilmælum fyrir íþróttastarf í samkomubanni. ÍSÍ óskar eftir því að sérsambönd útfæri þær miðað við hverja íþrótt fyrir sig.

Laufey mun setja upp tvö skjöl, eitt fyrir félög með leiðbeiningum um ástundun með sóttvarnir að leiðarljósi og annað skjal fyrir mótshaldara. Skjölin verða í vinnslu á google docs (Laufey sendir tengil). Gert ráð fyrir að þau verði samþykkt á næsta stjórnarfund. Í framhaldinu send á ÍSÍ sem mun senda á sóttvarnarlækni til skoðunar / samþykktar.

ÍSÍ verður með TEAMS fund á morgun með sérsamböndum. Lára mun sitja fundinn fyrir hönd KRAFT.

4. ÍM Í KRAFTLYFTINGUM OG KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM

Samþykkt að auglýsa Íslandsmeistaramót í kraftlyftingum og í klassískum kraftlyftingum sem verða haldin af MASSA 12. og 13. september. Í auglýsingunni munu koma fram nokkrar nauðsynlegar upplýsingar : smitvarnir, engir áhorfendur (eins og er en gæti breyst), móti verður streymt, takmarkaður fjöldi aðstoðarmanna (þarf að koma fram við skráningu), verður nafnalisti á

keppnisstað og þeir sem eru ekki á honum fá ekki leyfi til að vera á keppnisstað. Gert er ráð fyrir að KRAFT muni senda frá sér ítarlegri upplýsingar þegar styttist í mót.

5. ANNAÐ

Á Rúv Núll er þáttur sem kallast Þungarokk og Þungar Lyftur. Þáttastjórnandinn fær til sín íþróttafólk til að ræða sína íþrótt og tónlist. Laufey vakti athygli á því að í fyrsta og sjötta þætti er rætt við einstaklinga sem eru sagðir eiga fjölda Íslandsmeta í kraftlyftingum sem er ekki rétt.

A.m.k. ekki Íslandsmet hjá KRAFT sem er sérsamband innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Rúv Núll er ætlað að höfða til yngri notenda og þetta er þáttur undir merkjum Ríkisútvarpsins og því þörf á því að leiðrétta og leiðbeina. Eftir umræðu var samþykkt að Laufey semur bréf / ábendingu til RUV og ítreka sérstöðu og hlutverk KRAFT.

6. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

7. FUNDARLOK

Fundi slitið kl.21.20.